

# Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2019, föstudaginn 22. febrúar kl. 09:25, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 717. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir og Marta Grettisdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Björn Ingi Edvardsson, Margrét Þómar, Hrafnhildur Sverrisdóttir, Ingvar Jón B. Gíslason, Sólveig Sigurðardóttir, Hildur Gunnarsdóttir, Lilja Grétarsdóttir og Jón Kjartan Ágústsson.

Ritari var Björgvin Rafn Sigurðarson

## Þetta gerðist:

1. **Kjalarnes, Esjumelar, breyting á** (34.2) Mál nr. SN190104  
*deiliskipulagi* Skjalnr. 10184

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. febrúar 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 29. janúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja steinsteyppt fjölbýlishús, þrjár hæðir og kjallara, með 6 íbúðum og til að byggja viðbyggingu við mhl. 01 til austurs, svalir á vesturgafli og innréttu 2 íbúðir í húsi á lóð nr. 44 við Öldugötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. x Stærðir: Öldugata 44, MHL1, stækkun: 90,3 ferm., 244,3 rúmm. Öldugata 44, MHL2, nýbygging: 471,3 ferm., 1.544,1 rúmm. Erindi fylgir bréf hönnuðar með minnispunktum af fundi með Minjastofnun dagsett 27. ágúst 2018, umsögn Umhverfis- og skipulagssviðs dagsett 7. maí 2018, umsögn Umhverfis- og skipulagssviðs dagsett 8. desember 2017, umsögn Borgarsögusafns Reykjavíkur dagsett 2. júní 2017, umsögn Minjastofnunar dagsett 29. júní 2017, umsögn Minjastofnunar dagsett 6. febrúar 2017 og greinagerð um brunahönnun Eflu dagsett 16. janúar 2019. Gjald kr. 11.200

*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

*Vakin er athygli á að erindið fellur undir gr. 7.5 í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg 1231/2018.*

2. **Kjalarnes, Hólaland, deiliskipulag** (32.45) Mál nr. SN180266  
Skjalnr. 13526

420299-2069 ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. febrúar 2019 var lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 25. janúar 2019 þar sem gerðar eru athugasemdir við deiliskipulagið sem felast í að stofnunin telur deiliskipulagið ekki samræmast Aðalskipulagsi Reykjavíkur 2010-2030, ekki liggi fyrir hvernig veitum verði háttáð fyrir lóðina og ekki liggi fyrir umsögn heilbrigðiseftirlits varðandi mögulegar lausnir ef ekki verður hægt að tengjast fyrirbyggjandi veitum. Einnig bendir stofnunin á mikilvægi þess að samningar liggi fyrir um aðkomu og sama á við um veitur eftir atvikum. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt bréfi Skipulagsstofnunar dags. 14. febrúar 2019, umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 18. febrúar 2019, lagf. uppdr. ASK Arkitekta ehf. dags. 11. september 2018 br. 18. febrúar 2019.

*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

3. **Kjalarnes, Stekkur, (fsp) nýbygging** Mál nr. SN190097  
Skjalnr. 10211  
Anja Þórdís Karlsdóttir, Stekkur, 162  
Lögð fram fyrirspurn Önju Þórdísar Karlsdóttur dags. 13. febrúar 2019 varðandi byggingu vélaskemmu á lóð Stekks á Kjalarnesi, samkvæmt tillögu dags. 3. febrúar 2019.  
*Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.*
4. **Kjalarnes, Sætún, breyting á deiliskipulagi** Mál nr. SN180648  
Skjalnr. 10219  
Kristinn Gylfi Jónsson, Mýrargata 26, 101 Reykjavík  
440406-0840 Kjalarnes ehf., Seilugranda 11, 107 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. febrúar 2019 var lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 1. febrúar 2019 þar sem gerð er athugasemd við birtingu auglýsingar um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda þar sem ekki eru uppfyllt ákvæði skipulagsreglugerðar um 50 m. fjarlægð frá vegi sbr. gr. 5.3.2.5 og skilmálar sem gilda eiga eftir breytinguna eru ekki nógu skýrir o.fl. samkvæmt bréfi stofnunarinnar. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt lagf. uppdr. Einars Ingimarssonar dags. 29. október 2018 br. 13. febrúar 2019.  
*Vísad til skipulags- og samgönguráðs.*
5. **Langavatnsvegur 2, (fsp) aðstaða fyrir (05.15)** Mál nr. SN190102  
Skjalnr. 13492  
*útvíst*  
Karl Bernburg, Efstaleiti 10, 103 Reykjavík  
Lögð fram fyrirspurn Karls Bernburg dags. 18. febrúar 2019 ásamt greinargerð dags 18. febrúar 2019 um aðstöðu og afþreyingu fyrir útvistarfolk og almenning á lóð nr. 2 við Langavatnsveg.  
*Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.*
6. **Minningarreitur, fórnarlömb umferðarslysa** Mál nr. SN190096  
Skjalnr. 9557  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík  
580417-0780 Samgöngu- og sveitarstjórnarrá, Sölvhólsögötu 7, 101 Reykjavík  
Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 22. nóvember 2018 vegna samþykktar borgarráðs frá 22. nóvember 2018 á eftirfarandi tillögu borgarstjóra: Lagt er til að erindi samgönguráðherra um minningarreit um þá sem hafa látist í umferðarslysum verði vísað til umhverfis- og skipulagssviðs og menningar- og ferðamálasviðs til jákvæðrar meðferðar þar sem m.a. verði horft til heppilegrar staðsetningar til framtíðar litið.  
*Vísad til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*
7. **Suðurlandsvegur, Lyngbrekka, (fsp)** Mál nr. SN190106  
Skjalnr. 8924  
*uppbygging á lóð*  
Orri Steinarsson, Holland, Lögð fram fyrirspurn Orra Steinarssonar dags. 18. febrúar 2019 varðandi uppbyggingu á lóðinni Lyngbrekka við Suðurlandsveg, samkvæmt tillögu Jvantspijker dags. 1. febrúar 2019.  
*Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.*

8. **Spítalastígur 10, Hækkun á húsi og breyting á þakrými** (01.184.102) Mál nr. BN054884  
Skjalnr. 10082  
Bjarni Már Bjarnason, Spítalastígur 10, 101 Reykjavík  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 19. febrúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja eina hæð ofan á, breyta rishæð og fjölga íbúðum um eina ásamt því að breyta útistiga í húsi á lóð nr. 10 við Spítalastíg.  
Samþykki meðlóðarhafa í mhl. 02 áritað á teikningu, umsagnir Minjastofnunar dags. 30. október 2017, 13.júní 2018, 10. september 2018 og 11. febrúar 2019 og lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 09. mars 2018 við fsp. SN180103. Einnig fylgja útskrift úr gerðabók embættis afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 26. október 2018 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. október 2018 og minnispunktum dagsettum 27. nóvember 2018. Gjald kr. 11.000  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
9. **Langholtsvegur 89, (fsp) breytingar á þaki o.fl.** (01.410.0) Mál nr. SN180269  
Skjalnr. 9599  
490103-3250 Aflorka ehf., Kársnesbraut 110, 200 Kópavogur  
691209-1480 Tvíhorf sf., Brúarvogi 1-3, 104 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 4. maí 2018 var lögð fram fyrirspurn Gunnars Sigurðssonar dags. 11. apríl 2018 um að breyta og lyfta þaki hússins á lóð nr. 89 við Langholtsveg svo það gangi fram yfir útbyggingu á suðurhlíð og að útvegg að norðan, stækka kvisti og endurnýja, nýta þak bílskúrs og koma fyrir útidyrhúrd og glugga, samkvæmt tillögu ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. júní 2018. Einnig er lagt fram bréf Tvíhorfs ehf. dags. 13. febrúar 2019 þar sem óskað er eftir rökstuðningi á niðurstöðu fyrirspurnar.  
*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*
10. **Lágholtsvegur 15, Tvílyft bygging** (01.520.303) Mál nr. BN055717  
Skjalnr. 13193  
Svanlaug Rós Ásgeirsdóttir, Lágholtsvegur 15, 107 Reykjavík  
Xavier Rodriguez Gallego, Lágholtsvegur 15, 107 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. febrúar 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 5. febrúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr timbri með einni íbúð sem viðbót við núverandi einbýlishús á lóð nr. 15 við Lágholtsveg. Stækkun: 156,4 ferm., 899,1 rúmm. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. febrúar 2019. Meðfylgjandi erindi er séruppdráttur vegna makaskiptaafsals, frá Mælingadeild Skrifstofu borgarverkfræðings, dagsett 28. júlí 1995. Gjald kr. 11.200  
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 22. febrúar 2019.*
11. **Skeiðarvogur 109, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (01.436.1) Mál nr. SN190073  
Skjalnr. 14010  
Steinunn Rósa Einarsdóttir, Skeiðarvogur 109, 104 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. febrúar 2019 var lögð fram fyrirspurn Steinunnar Rósu Einarsdóttur dags. 4. febrúar 2019 um breytingu á deiliskipulagi Heimahverfis vegna lóðarinnar nr. 109 við Skeiðarvog sem felst í að gera byggingarreit fyrir 40 fm. smáhýsi á lóð, samkvæmt kynningargögnum. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. febrúar 2019.  
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 22. febrúar 2019.*

12. **Úlfarsárdalur - breyting vegna reits A,** (02.6) Mál nr. SN190118  
*breyting á deiliskipulagi vegna* Skjalnr. 9615  
*Skyggisbrautar 25-27 og 29-31,*  
*Gæfutjarnar 20-24 og 26-28 og Silfratjarnar*  
*2-4*  
 490916-0670 Bjarg íbúðafélag hses., Kletthálsi 1, 110 Reykjavík  
 Lögð fram umsókn Bjargs Íbúðafélags hses. dags. 21. febrúar 2019 varðandi breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna Skyggisbrautar 25-27 og 29-31, Gæfutjarnar 20-24 og 26-28 og Silfratjarnar 2-4. Í breytingunni felst að bæta við 10 bílastæðum, þar af eru 7 bílastæði staðsett ómerkt í göturými Silfratjarnar, samkvæmt uppdrætti umhverfis- og skipulagssviðs dags. 20. febrúar 2019.  
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*  
*Vakin er athygli á að erindið fellur undir gr. 8.2 í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*
13. **Vitastígur 16, (fsp) uppbygging á lóð** (01.190) Mál nr. SN190105  
 Skjalnr. 13703  
 550713-1280 Klittur ehf., Akraseli 18, 109 Reykjavík  
 701205-1540 Teiknistofan Óðinstorgi ehf, Óðinsgötu 7, 101 Reykjavík  
 Lögð fram fyrirspurn Klitts ehf. mótt. 19. febrúar 2019 varðandi breytingu og endurbyggingu hússins á lóð nr. 16 við Vitastíg. Í húsinu verða þrjár íbúðir, ein íbúð á hverri hæð, og vinnuherbergi í kjallara, samkvæmt uppdr. Teiknistofunnar Óðinstorgi ehf. dags. 11. febrúar 2019.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
14. **Þórsgata 14, (fsp) stækkun húss** (01.186.3) Mál nr. SN190062  
 Skjalnr. 7075  
 Sigfinnur Mikaelsson, Hafnargata 10, 710 Seyðisfjörður  
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. febrúar 2019 var lögð fram fyrirspurn Sigfinns Mikaelssonar dags. 30. janúar 2019 varðandi stækkun hússins á lóð nr. 14 við Þórsgötu. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. febrúar 2019.  
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 22. febrúar 2019.*
15. **Efstasund 77, Stækkun á risþaki -** (01.410.117) Mál nr. BN055715  
*endurbætur* Skjalnr. 13946  
 Ísak Thorberg Gunnarsson, Efstasund 77, 104 Reykjavík  
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. febrúar 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 5. febrúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til að hækka rishæð og breyta þakgerð á húsi nr. 77 við Efstasund. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. febrúar 2019. Stækkun: xx,xxx Erindinu fylgir afrit af umsögn Skipulagsfulltrúa dagsett 1. júní 2018. Gjald kr. 11.200  
*Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. febrúar 2019. Samræmist deiliskipulagi.*
16. **Hverfisgata 123, Byggja ofan á** (01.222.117) Mál nr. BN055805  
 Skjalnr. 9442  
 691199-3559 Tómas & Dúna ehf, Bergholti 2, 270 Mosfellsbær  
 Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 19. febrúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til að fjarlægja 3. hæð að mestu, byggja tvær hæðir ofaná framhús, byggja hæð ofaná bakhús, byggja opið stigahús í bakgarði, samræma glugga og byggja svalir á götuhlið, breyta innra skipulagi í íbúð á 2. hæð og innrétta þrjár nýjar íbúðir í húsi á lóð nr. 123 við Hverfisgötu. Stækkun: 158,8 ferm., 513,6 rúmm. Eftir stækkun, A-rými: 615,7 ferm., 1.762,7 rúmm. B-rými: 26,3 ferm., 94,2 rúmm. Gjald kr. 11.200  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

17. **Lindargata 58, Leyfi fyrir áður gerðum breytingum (sjá BN054353)** (01.153.205) Mál nr. BN055333  
Skjalnr. 14086  
Sigrún J Oddsdóttir, Grandavegur 47, 107 Reykjavík  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 19. febrúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til að breyta skráningu geymslu í vinnustofu og byggja svalir og tröppur á bakhlið ásamt því að gerð er grein fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi í rými 0002 í húsi á lóð nr. 58 við Lindargötu. Gjald kr. 11.000  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
18. **Reykjahlið 8, (fsp) kvistir** (01.701.3) Mál nr. SN190037  
Skjalnr. 10572  
Lárus Kristinn Ragnarsson, Bröndukvísl 6, 110 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. janúar 2019 var lögð fram fyrirspurn Lárusar Kristins Ragnarssonar dags. 15. janúar 2019 um að setja kvisti á húsið á lóð nr. 8 við Reykjahlið, samkvæmt tillögu ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. febrúar 2019.  
*Umsögn skipulagsfulltrúa samþykkt, dags. 22. febrúar 2019.*
19. **Skúlagata 13/Hverfisgata 105, staðsetning ökutækjaleigu - breyting á heimilisfangi starfsstöðvar** (01.154) Mál nr. SN190092  
Skjalnr. 10028  
540513-1040 Samgöngustofa, Ármúla 2, 108 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. febrúar 2019 var lagt fram bréf Samgöngustofu dags. 11. febrúar 2019 þar sem óskað er eftir umsögn vegna leyfis Nordic car rental ehf. til reksturs ökutækjaleigu með gildistíma frá 7. júní 2018. Verið er að flytja starfsemi ökutækjaleigunnar frá Funahöfða 6 að Skúlagötu 13. Sótt er um leyfi fyrir 15 ökutækjum í útleigu frá aðalútibúi. Einnig er óskað eftir útibúi ökutækjaleigunnar að Hverfisgötu 105 þar sem óskað er eftir 3 ökutækjum til útleigu frá þeim stað. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. febrúar 2019.  
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 22. febrúar 2019.*
20. **Holtavegur 28, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (01.386.1) Mál nr. SN190004  
Skjalnr. 6828  
671113-0390 Urðarsel ehf., Logafold 35, 112 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. janúar 2019 var lögð fram fyrirspurn Urðarsel ehf. dags. 29. desember 2018 ásamt greinargerð Urðarsels ehf. og KFUM og KFUK á Íslandi dags. 7. desember 2018 um breytingu á deiliskipulagi Laugardals austur vegna lóðarinnar nr. 28 við Holtaveg sem felst í stækkun núverandi leikskóla, uppbyggingu lágreistrar íbúðarbyggðar, stofnun lóðar og uppbyggingu búsetukjarna eða öldrunarrými á einni hæð og stækkun á byggingarreit húss KFUM fyrir ungmennagistingu. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju.  
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs*
21. **Flólagata 16A, Bílskúr** (01.247.204) Mál nr. BN055797  
Skjalnr. 14087  
570210-1140 Jóli slf., Flólagötu 16a, 105 Reykjavík  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 19. febrúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja bílskúr í suðausturhorni lóðar nr 16 við Flólagötu. Erindi fylgir mæliblað 1.247.2 dags. í september 1948. Gjald kr. 11.200  
*Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið. Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt þegar lagfærðir uppdrættir berast.*

*Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*

22. **Hrefnugata 8, (fsp) hækkun á þaki og setja kvist** (01.247.3) Mál nr. SN190103  
Skjalnr. 14083  
Sverrir Jan Norðfjörð, Hrefnugata 8, 105 Reykjavík  
Lögð fram fyrirspurn Sverris J. Norðfjörð dags. 17. febrúar 2019 ásamt greinargerð ódags. um að hækka þak hússins á lóð nr. 8 við Hrefnugötu og setja kvist.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
23. **Skipholt 11-13, Fjölbýlishús** (01.242.301) Mál nr. BN055667  
Skjalnr. 11331  
620305-1620 Sætrar ehf, Gerðhömrum 27, 110 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. janúar 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 22. janúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja fimm hæða, 10 íbúða, fjölbýlishús auk kjallara og bílageymslu, staðsteypt og einangrað að utan, á lóð nr. 11-13 við Skipholt. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. febrúar 2019. Stærðir: 801,0 ferm., xx,xx rúmm. Gjald kr. 11.200  
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags.22. febrúar 2019.*
24. **Snorrabraut 60, breyting á deiliskipulagi** (01.193.4) Mál nr. SN180076  
Skjalnr. 6940  
681194-2749 Kanon arkitektar ehf, Laugavegi 26, 101 Reykjavík  
440417-1240 Snorrahús ehf., Tjarnargötu 28, 101 Reykjavík  
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Helgu Bragadóttur f.h. Snorrahús ehf. dags. 6. febrúar 2018 varðandi breytingu á deiliskipulagi Heilsuverndarreits vegna lóðarinnar nr. 60 við Snorrabraut. Í breytingunni felst hækkun og stækkun á viðbyggingu hússins, breyting á lóðarmörkum, breyting á bílastæðum o.fl., samkvæmt uppd. Kanon arkitekta ehf. dags. 5. febrúar 2018 uppf. 30. ágúst 2018. Einnig eru lagðir fram minnispunktar Glámu Kím af fundi 9. mars 2018 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. júlí 2018. Erindi er lagt fram að nýju ásamt deiliskipulags- og skuggavarpuppdrætti dags. 4. október 2018. Tillagan var auglýst frá 23. nóvember 2018 til og með 7. janúar 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Snorrabúð ehf og Feld verkstæði ehf. dags. 3. janúar 2018. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 18. janúar 2019 og er nú lagt fram að nýju. Einnig er lagt fram samþykki Snorrabúðar ehf og Feld verkst. dags. 24. janúar 2019 .  
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs*
25. **Veltusund 3B, breyting á deiliskipulagi** (01.140.2) Mál nr. SN190068  
Skjalnr. 9504  
610313-0190 Lögmenn Sundagörðum ehf., Sundagörðum 2, 104 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. febrúar 2019 var lögð fram umsókn Lögmanna Sundagörðum dags. 22. mars 2018, f.h. lóðarhafa, varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags Kvosarinnar vegna lóðarinnar nr. 3B við Veltusund, samkvæmt beiðni um endurupptöku frá 22. mars 2018 Í breytingunni felst að heimilt er að vera með gististarfsemi á efri hæðum hússins. Einnig er lagt fram minnisblað Daða Björnssonar ódags., úttekt á hlutfalli húsrýmis í notkun til gistiþjónustu Kvosinni dags. 15. apríl 2018 og úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 6. desember 2018. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.  
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*
26. **Ellidabraut 2, (fsp) breyting á deiliskipulagi** Mál nr. SN190039  
Skjalnr. 12508

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. janúar 2019 var lögð fram fyrirspurn Guðmundar Odds Víðissonar dags. 16. janúar 2019 ásamt greinargerð dags. 16. janúar 2019 um breytingu á deiliskipulagi Norðlingaholts vegna lóðarinnar sr. 2 við Elliðabraut sem felst stækkun lóðarinnar og breyting á nýtingarhlutfalli og notkun, reisa verslunarhús á lóðinni og flytja til, innan lóðar, fjölorkustöð sem fyrir er á lóðinni, samkvæmt tillögu DAP ehf. dags. í Janúar 2019. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju.

*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

27. **Hverfisgata 88, Fjölbýlis- og verslunarhúsnæði** (01.174.003) Mál nr. BN055758  
Skjalnr. 13732  
680217-2380 Hverfisgata 92 ehf., Skúlagötu 30, 101 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. febrúar 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. febrúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til að endurbyggja og breyta þriggja hæða húsi sem áður stóð við Hverfisgötu 92 og til að endurbyggja Hverfisgötu 90A á steiptum kjallara á nýrri lóð nr. 88A við Hverfisgötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. febrúar 2019. Stækkun, A-rými: xx ferm., xx rúmm. Eftir stækkun, A-rými: 716,8 ferm., 2.167,7 rúmm. B-rými: xx ferm., xx rúmm. Gjald kr. 11.200  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. febrúar 2019 samþykkt.*
28. **Hverfisgata 88, 90 - Breyting á innra/ytra skipulagi** (01.174.003) Mál nr. BN055759  
Skjalnr. 13732  
680217-2380 Hverfisgata 92 ehf., Skúlagötu 30, 101 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. febrúar 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. febrúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til að byggja miðjukvist og breyta innra skipulagi og útliti fyrrum Hverfisgötu 90 nú á lóð nr. 88A við Hverfisgötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. febrúar 2019. Stækkun: xx ferm., xx rúmm. Gjald kr. 11.200  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. febrúar 2019 samþykkt.*
29. **Mávahlíð 20, Breyting á innra fyrirkomulagi þakhæðar sem var hækkuð var 2015 án útgáfu byggingaleyfis.** (01.702.210) Mál nr. BN055410  
Skjalnr. 12762  
Stefán Logi Sigurþórsson, Mávahlíð 20, 105 Reykjavík  
Margrét Vala Gylfadóttir, Mávahlíð 20, 105 Reykjavík  
Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 18. desember 2018 þar sem sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á þakhæð, kvistum og þaksvölum, einnig er sótt um að breyta ósamþykktu íbúð í risi í samþykktu íbúð í húsi á lóð nr. 20 við Mávahlíð. Erindi var grenndarkynnt frá 17. janúar 2019 til og með 14. febrúar 2019. Engar athugasemdir bárust. Samþykki meðeigenda í húsi nr. 20 dags. 6. des. 2018 og 10. des. 2018 Greinagerð frá umsækjendum dags. 11. desember 2018. Stækkun er: 7,7 ferm. 38,1 rúmm. Gjald kr. 11.000  
*Samþykkt með vísan til viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.*  
*Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.*

30. **Skógargerði 1, (fsp) - Breyting inni - nýr** (01.837.007) Mál nr. BN055755  
*gluggi svalahurð og svalapallur* Skjalnr. 12273  
 Svava Björk Hjaltalín Jónsd., Breiðás 9, 210 Garðabær  
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. febrúar 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. febrúar 2019 þar sem spurt er hvort leyfi fengist fyrir annars vegar að færa útlit glugga á austurhlíð, sem jafnframt er framhlíð húss, í upprunalegt horf og hins vegar að bæta við nýjum glugga, hurð og svalapalli með tröppum niður á lóð á vesturhlíð húss, sem jafnframt er bakhlið og aðkomuhlið húss á lóð nr. 1 við Skógargerði. Einnig er spurt hvort leyfi fengist til að færa eldhús og baðherbergi á 1. hæð. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. febrúar 2019.  
 Fyrirspurn fylgja ljósmyndir og skissur.  
*Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið samanber umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. febrúar 2019.*
31. **Sæmundargata 2, Sæmundargata 8 - Opið** (01.603.201) Mál nr. BN055732  
*þakskýli fyrir hjól* Skjalnr. 12477  
 600169-2039 Háskóli Íslands, Sæmundargötu 2, 101 Reykjavík  
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. febrúar 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. febrúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til byggingar á opnu hjólaskýli fyrir reiðhjól á lóð nr. 2 við Sæmundargötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju. Erindinu fylgir bréf frá hönnuði dags. 25.01.2019 ásamt mæliblaði gefnu út 27.10.2009 og endurútgefnu 19.03.2013. Gjald kr. 11.200  
*Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.*
32. **Bólstaðarhlíð 15, Breyting á kvisti,** (01.270.216) Mál nr. BN055803  
*gluggabreyting, svalir o.fl.* Skjalnr. 10633  
 Guðrún Rósa Sigurðardóttir, Haustakur 2, 210 Garðabær  
 Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 19. febrúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til að stækka þakglugga á norðurhlíð, breyta kvisti á suðurhlíð og útbúa svalir framan við hann á rishæð fjölbýlishúss á lóð nr. 15 við Bólstaðarhlíð.  
 Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 8. febrúar 2019. Gjald kr. 11.200  
*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Bólstaðarhlíð 13, 14, 16.*  
  
*Vakin er athygli á að erindið fellur undir gr. 8.1. í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018. Grenndarkynning hefst þegar greitt hefur verið fyrir grenndarkynningu.*
33. **Grandagarður 1A, Starfsemi fyrir** (01.115.209) Mál nr. BN055710  
*neyðarþjónustu* Skjalnr. 14054  
 570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík  
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. febrúar 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 29. janúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til að innrétta neyðarskýli fyrir heimilislauða vímuefnaneytendur, koma fyrir hvíldaraðstöðu á 2. hæð, nýrri pallalyftu milli hæða, svölum með hringstiga á norðurhlíð og byggð köld geymsla á lóð nr. 1A við Grandagarð. Einnig er lagt fram bréf LEX lögmanna dags. 5. desember 2018 þar sem gerðar eru athugasemdir við fyrirhugaðan rekstur gistiskýlis að Grandagarði 1A. Erindinu var vísað til umsagnar skrifstofu sviðsstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 22. febrúar 2019.  
 Stækkun: 12 ferm., 31,2 rúmm. Gjald kr. 11.200  
*Umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 22. febrúar 2019 samþykkt.*



34. **Granaskjól 48-52, (fsp) stækkun húss** (01.515.3) Mál nr. SN190089  
Skjalnr. 11270  
Arnbjörn Ingimundarson, Granaskjól 48, 107 Reykjavík  
Gunnlaugur Johnson, Árbót, 270 Mosfellsbær  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. febrúar 2019 var lögð fram fyrirspurn Arnbjörns Ingimundarsonar dags. 5. febrúar 2019 varðandi stækkun hússins nr. 48 á lóð nr. 48-52 við Granaskjól, samkvæmt uppdr. Gunnlaugs Jónssonar arkitekts dags. 27. janúar 2019. Samþykki meðlóðarhafa fylgir. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. febrúar 2019.  
*Ekki er gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. febrúar 2019. Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt berist hún.*
35. **Hraunbær 123, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (04.340) Mál nr. SN180141  
Skjalnr. 9033  
440169-2879 Bandalag íslenskra skáta, Hraunbæ 123, 110 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 31. ágúst 2018 var lögð fram fyrirspurn Kristins Ólafssonar f.h. Bandalags íslenskra skáta dags. 28. febrúar 2018 ásamt bréfi ódags. um breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 123 við Hraunbæ sem felst í stækkun lóðar og byggingarreits fyrir fyrirhugaða viðbyggingu á lóð, samkvæmt uppdr. Glámu-Kím dags. 6. febrúar 2018. Fyrirspurninni var frestað, fyrirspyrjandi hafi samband við embætti skipulagsfulltrúa, og er nú lögð fram að nýju ásamt bréfi skrifstofu sviðsstjóra dags. 6. janúar 2019.  
*Erindið er fellt niður með vísan til bréfs skrifstofu sviðsstjóra dags. 6. janúar 2019.*
36. **Skólavörðustígur 25, (fsp) bakhús** (01.182.2) Mál nr. SN190053  
Skjalnr. 7046  
Jón Þór Þorvaldsson, Logaföld 128, 112 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. febrúar 2019 var lögð fram fyrirspurn Jóns Þórs Þorvaldssonar dags. 18. janúar 2019 varðandi byggingu einnar hæða bakhúss á lóð nr. 25 við Skólavörðuholt með tveimur íbúðum, samkvæmt uppdr. Úti og inni arkitekta dags. 16. janúar 2019. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. febrúar 2019.  
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 18. febrúar 2019.*
37. **Stakkahlíð 1, Opið hjólaskýli** (01.271.101) Mál nr. BN055733  
Skjalnr. 10057  
600169-2039 Háskóli Íslands, Sæmundargötu 2, 101 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. febrúar 2019 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. febrúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til byggingar á opnu hjólaskýli með þaki á lóð nr. 1 við Stakkahlíð. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju. Með erindinu fylgir bréf frá hönnuði dags. 25.01.2019 ásamt mæliblaði 1.271.1, fyrst útgefið 03.04.1986 og endurútgefið 15.05.2018 og hæðablaði útgefnu í desember 2017. Stærð: XX ferm., XX rúmm. Gjald kr. 11.200  
*Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.*
38. **Víðimelur 46 og 48, (fsp) hækkun á þaki** (01.540.0) Mál nr. SN190067  
Skjalnr. 10574  
Sigurður Ragnarsson, Víðimelur 46, 107 Reykjavík  
Garðar Snæbjörnsson, Sólvallagata 33, 101 Reykjavík  
Lögð fram fyrirspurn Garðars Snæbjörnssonar dags. 31. janúar 2019 varðandi hækkun á þaki hússins á lóðunum nr. 46 og 48 við Víðimel og setja þakglugga og fjarlægja skorstein, samkvæmt tillögu ódags. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. febrúar 2019.  
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 22. febrúar 2019. Samræmist ekki deiliskipulagi.*

39. **Brautarholt 6, 3.hæð - íbúðir** (01.241.204) Mál nr. BN055618  
Skjalnr. 11547  
670502-3090 XO eignarhaldsfélag ehf, Hátúni 2B, 105 Reykjavík  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 15. janúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til að innrétta 7 íbúðir og byggja svalir á norður- og suðurhlið verslunar- og skrifstofuhúss á lóð nr. 6 við Brautarholt. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. janúar 2019 og 22. febrúar 2019. Jafnframt er lagt fram bréf T.ark arkitekta ehf. dags. 14. febrúar 2019. Gjald kr. 11.000  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. febrúar 2019 samþykkt.*
40. **Fellsmúli 24-30, 26 - Klæða suðurhlið -** (01.297.101) Mál nr. BN055773  
*gluggabreytingar* Skjalnr. 8766  
640186-1359 Húsfélagið Fellsmúla 26, Fellsmúla 26, 108 Reykjavík  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 19. febrúar 2019 þar sem sótt er um leyfi til að klæða suðurhlið og setja nýja gluggapósta og opnanleg fög í suðurhlið húss á lóð nr. 26 við Fellsmúla. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. febrúar 2019. Erindi fylgir umsögn burðarvirkishönnuðar dagsett 13. desember 2018 og samþykki meðeigenda dagsett 23. janúar 2019. Gjald kr. 11.200  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. febrúar 2019 samþykkt.*
41. **Efstaleiti 7, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (01.745.4) Mál nr. SN190045  
Skjalnr. 10134  
420299-2069 ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. febrúar 2019 var lögð fram fyrirspurn ASK Arkitekta ehf. dags. 18. janúar 2019 um breytingu á deiliskipulagi RÚV-reits vegna lóðarinnar nr. 7 við Efstaleiti. Í breytingunni felst breyting á skilgreiningu á starfssemi, stækkun byggingarreita ofanjarðar vegna stigahúss og lyftu og aukningu á byggingarmagni ofanjarðar, samkvæmt uppdr. ASK Arkitekta ehf. dags. 18. janúar 2019. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. febrúar 2019.  
*Ekki eru gerðar athugasemdir við að umsækjandi láti vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi í samræmi við erindið, á eigin kostnað, sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. febrúar 2019.*
42. **Hallveigarstígur 1, ósk um endurskoðun á** (01.171.2) Mál nr. SN190085  
*eldri umsóknum um lengri opnunartíma* Skjalnr. 6011  
*veitingastaðar*  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík  
640615-0950 Mid Atlantic ehf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. febrúar 2019 var lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar dags. 11. febrúar 2019 ásamt erindi Arnars Bjartmarz dags. 10. febrúar 2019, þar sem óskað er eftir endurskoðun á eldri umsóknum um lengri opnunartíma veitingastaðar fyrir vínveitingar að Hallveigarstíg 1 með tilliti til heimilda á öðrum stöðum, er vísað til meðferðar skipulagsfulltrúa. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.  
*Vísað til umsagnar skrifstofu sviðstjóra.*

43. **Þingholtsstræti 25, málskot**

(01.183.3)

Mál nr. SN190111  
Skjalnr. 10474

431005-0690 P ARK teiknistofa sf, Laugavegi 59, 101 Reykjavík

Lagt fram málskot P ARK teiknistofu sf dags. 18. febrúar 2019 vegna neikvæðrar afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 14. desember 2019 um breytingu á deiliskipulagi Grundarstígsreits vegna lóðarinnar nr. 25 við Þingholtsstræti sem felst í viðbygging við suðurgafli núverandi húss verði stækkuð, vestursvalir verði stækkaðar, íbúðum fjölgað, fyrirhugaður göngustígur að almenningsgarði frá Spítalastíg verði felldur niður o.fl. samkvæmt uppd. P ARK teiknistofu sf. dags. 28. ágúst 2018. Einnig er lagt fram bréf P ARK teiknistofu dags. 6. mars 2018.

*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:35.

Björn Axelsson

Ágústa Sveinbjörnsdóttir

Marta Grettisdóttir